


Hér setur Helgi leirinn utan um vaxeiningarnar.




Verið er að hella bronssteypunni í mótið.



Deiglan með fljótandi málminum tekin upp úr ofninum.



Myndirnar soðnar saman.



og nota mannslíkamann, sem formrænan útgangspunkt. Þar stend ég og þeir, sem horfa á myndirnar á sama grunni. Síðan fer ég mínar eigin leiðir í túlkun."

Helgi stendur upp og gengur um gólf, horfir niður fyrir sig meðan hann kemur orðum að því, sem hann hann vill segja. Hann virðist þögull maður líkt og myndirnar hans, og þegar ruðst er svona inn í kyrrlátt líf hans og hann krafinn svara þá koma þau ekki áreynslulaust.

„Þessar myndir eru árangur áralangrar "modelstúdíu", segir hann og bendir í átt til myndar, sem hann hefur gert af hálfum mannslíkama, sem eins og hangir upp á þráð.-„Og ennþá er ég að vinna með manninn, því mér finnst ég ekki hafa fullkomnað þessa myndgerð".

Við spyrjum hvernig hann vinni myndir sínar, hvort hann geri skyssu af þeim áður en hann byrjar eða....

„Stundum verður til örlítil teikning, eins og þessi," segir Helgi og ýtir í átt til mín hvítu, krumpuðu pappírsblaði, sem rissað hefur verið á. „En oftast byrja ég beint á myndinni og það er því óvíst í hvaða átt hún þróast.

Ég vinn myndirnar mínar fyrst í vax," útskýrir hann, „síðan bý ég til keramikmót af vaxinu, sem er hitað upp þannig að vaxið bráðnar innan úr mótinu. Bronssteypunni, sem er í fljótandi formi er svo hellt í mótið. Það er Málmsteypan Hella, sem bræðir bronsið og hellir því í mótin. Ég gæti hugsanlega gert það sjálfur," segir Helgi, „en þá þyrfti ég að koma mér upp málmbræðsluaðstöðu og hafa fjóra menn mér til aðstoðar. Það eru mjög flinkir menn niður í Hellu, sem sjá um þetta fyrir mig. Á þennan hátt bý ég til hina ýmsu hluta myndarinnar, sem ég síðan logsýð saman. Þannig að myndirnar mínar eru ekki bara afsteypa. Ég held áfram með þær, þó að búið sé að steypa þær."

Eftir að sjálfri formgerðinni lýkur þá er sem sagt mikið handverk eftir segir blaðamaður. „Já þetta er helv... langur og þungur „process". Ég vinn að myndgerðinni í langan tíma. Safna myndhlutum í vatnstunnur. Svo þegar ég á ekki fleiri ílát fer ég í að steypa, sem er hreint handverk og í sjálfu sér ekkert gaman. Það væri gott að geta stytt handverksþáttinn," segir Helgi svolítið þreytulega, en bætir svo við: „Annars er þessi eilífi barningur við efnið svo stór þáttur í myndgerðinni að ég veit ekki hvort hann má missa sín."

Áður en við höldum samræðunum áfram er við hæfi að segja örlítil deili á viðmælandanum. Helgi er fæddur árið 1947. Hann stundaði nám í Myndlista- og handíðaskólanum á árunum 1965—69, í kennaradeild, en þá var engin höggmyndadeild til. Það var þó til vísir að henni því Jóhann Eyfells, sem þar var kennari, lagði töluverða áherslu á þrívíddina, að sögn Helga. Áfram hélt Helgi námi og var í eitt ár í frjálsri myndlistardeild, sem var starfandi meðan Hörður Ágústsson var skólastjóri. Þeir voru þrír í deildinni þetta árið og höfðu vinnustofu til afnota og litu kennarar skólans til þeirra eftir þörfum. Svo var það árið 1971 að Helgi hélt utan með fjölskyldu sinni til Svíþjóðar og nam við Valands konstskola í Gautaborg í fimm ár. Undanfarið hefur hann kennt myndlist í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.

„Ég byrjaði að fást örlítið við bronsið í Gautaborg. Svo þegar ég kom heim fékk ég það verkefni að gera minnismerki um Sigvalda Kaldalóns. Ég vildi steypa það í brons — og það hafðist í lokin og nú stendur myndin niður við Tjörn. Ég skrifaði eftir meiri upplýsingum um bronssteypuna, því áhuginn var vakinn. Þá var mér boðið af Valandsskóla að koma á þriggja vikna bronssteypunámskeið. Þar lærði ég tæknina endanlega. Helgi veltir vaxmola á milli fingra sér. „Ég tel gott að þessi þekking skuli vera komin inn í landið, við þurfum þá ekki að leita út fyrir landsteinana," segir hann svo eftir nokkra þögn.

Meðan á viðræðum okkar stendur hvarfla augun um vinnustofuna, þar sem er hátt til lofts og vítt til veggja. Þar gefur að líta hin margvíslegustu tæki, sem Helgi notar við vinnu sína. Rafsuðutæki, logsuðutæki. Langur gaskútur stendur á gólfinu. Handverkfæri liggja á borðum. Neðan úr loftinu gengur eins og grár rani, sem liggur niður á vinnuborð, sem stendur í miðri vinnustofunni. Hvað er þetta? spyrjum við og bendum á ranan, sem er með eins konar trekt á endanum. „Þetta er loftræsting.



Hún er nauðsynleg, þegar ég er að logsjóða. Ég ætla að lifa lengi, segir Helgi og hlær en bætir við í öllu alvarlegri tón: „Það hefur verið nokkuð algengt að listamenn hafi notað ýmis efni í verk sín, sem eru manninum fjandsamleg og beinlínis hættuleg frá heilbrigðissjónarmiði. Þetta er þó að breytast held ég og menn eru að hverfa aftur til náttúrulegra efna".

Við tökum eftir því að Helgi bregður stundum fyrir sig orðinu skúlptúr, þegar hann talar um verk sín, hann notar líka orðið höggmynd þó að myndir hans verði til úr fljótandi efni og hamar og meitill komi þar hvergi nærri.

„Það er rétt að hugtakið höggmynd er heldur þröngt miðað við hvað hefur verið að gerast í greininni á undanförnum árum. Þess vegna nota menn mikið orðið skúlptúr. En ég held að þessi „traditionella" höggmynd sé að koma aftur. Um tíma vék hún fyrir tilraunum í „concept"-list". En auðvitað var þessi formræni skúlptúr alltaf til staðar eins og við sjáum í myndum Ásmundar Sveinssonar og Sigurjóns Ólafssonar.

Skýring á þessu? Ég veit ekki. Krefst ekki tímin sífelldrar endurskoðunar viðhorfa og gildismats á mannanna verkum? Það liggur oft langur og erfiður „process" að baki höggmyndarinnar og hún krefst mikillar líkamsorku, sem gerir það ef til vill að verkum að þessi grein er ekki eins vinsæl. Það gæti komið að því að ég hvíldi mig á bronsinu og færi að vinna með efni, sem hafa styttri vinnsluferil eins og tré og leir."